

Fornleifarannsókn á meintum rústahól í Sýslumannstúni á Hvolsvelli



Lísabet Guðmundsdóttir

Reykjavík 2018

FS710-18371



Á forsíðu sést hóllinn á Sýslumannstúninu. Howell Roberts hreinsar snið í skurðinum

Fornleifastofnun Íslands
Bárugata 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Tölvupóstfang: fsi@instarch.is

Inngangur	4
Fornleifarannsókn.....	4
Niðurstaða.....	6
Heimildaskrá.....	6

Inngangur

Þann 28. ágúst barst Fornleifastofnun bréf frá Antoni Kára, sveitarstjóra Rangárbings Eystra vegna framkvæmda á Sýslumanntúni á Hvolsvelli. Í fornleifasrkáningarskýrslu frá 2004 er minnst á fjós frá 1940 en ekki eru þekktar fornminjar á túninu. Hins vegar er minnst á rústalegan hól í sléttu túninu. Minjastofnun Ísland fór fram á að könnunarskurður yrði grafinn yfir meintan rústahól sem myndi raskast við framkvæmdina.¹ Fornleifastofnun Íslands SES. tók verkið að sér og var það unnið 10. september 2018. Um verkefnið sáu Lísabet Guðmundsdóttir og Howell M. Roberts fornleifafræðingar, Böðvar Bjarnason sá um vélgröft. Lísabet Guðmundsdóttir sá um skýrslugerð. Númer rannsóknarleyfis er 201809-0001 og rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns Íslands er 2018-73

Fornleifarannsókn

Meintur rústahóll er á sléttu túni sem kallast Sýslumannstún. Hóllinn er eina misfellan á túninu þar sem nú er meðal annars leikvöllur. Hóllinn er 21 x 12 m á stærð og snýr suðaustur norð-vestur og er um 2 m á hæð.² Grafir voru tveir könnunarskurðir í og við hólinn að austanverði. Skurður 1 var 1 m á breidd, 7 m á lengd og 2,2 m á dýpt þar sem hann var dýpstur. Í skurði 1 fannst eitt stórgripabein í yfirborðslagi sem virðist vera nýlegt. Landnámslagið var á 1,4 m á dýpt. Rétt fyrir ofan landnámslagið var flekkóttur járðvegur sem bendir til túngerðar mögulega var túnið plægt. En engin mannvist var í skurðinum. Eingöngu grábrún sendin silt og gjóskulög á milli. Skurður 2 var um 3 m norðan við skurð 1. Hann var 1 x 1 m og um 1 m á dýpt. Í fyrstu efstu 10 cm er yfirborðslag, undir því eru 20 cm af grábrúnni siltmold og þar fyrir neðan 50 cm af brún-appelsínugulri fokmold með svörtum gjóskulögum inn á milli. Enga mannvist var að finna í skurðinum.

¹ Mí2018-0150/6.09/K.M.

² Sjá einnig: Guðrún Alda Gísladóttir. 2004. bls. 40



Mynd 1. Skurður 1, Lísabet skráir niður upplýsingar um skurðinn.



Mynd 2. Vestur snið skurðarins. Eins og sjá má eru fjölmörg gjóskulög á svæðinu.



Mynd 3. Norður snið skurðar 2.

Niðurstaða

Í meintan rústahól voru grafnir tveir könnunarskurðir til þess að kanna hvort þar væru minjar undir sverði. Svo reyndist ekki vera og fundust engin mannvistarlögum í skurðunum tveimur.

Heimildaskrá

Guðrún Alda Gísladóttir. 2004. *Fornleifasrkáning á Hvolsvelli og í nágrenni*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS232-04012

MÍ2018-0150/6.09/K.M.

